

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulagsbreyting, Haukadalur 4, lnr. 167101, lóð fyrir spennistöð.*
Breytingin felur í sér stofnun lóðar undir 56 m² spennistöð á vegum Rarik.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. mars 2017.
2. *Deiliskipulagsbreyting, Haukadalur 4, Hótel Geysir, stækkun á byggingarreit.*
Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit þannig að sá hluti hans sem næstur er Biskupstungnabraut lengist um 6,5 m til vesturs og breiðkar um 3 m til suðurs.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. apríl 2017.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. apríl 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. maí 2017